



# Byggðastofnun

## Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1305  
komudagur 20.2.2003

Dagsetning  
20. febrúar 2003

Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 563, tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003 - 2006.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillaganna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur mikilvægt að samgönguáætlun stuðli að því að efla búsetuskilyrði og styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífs á landsbyggðinni, svo sem kveðið er á um í þingsályktun um stefnu í byggðamálum 2002 – 2005 og athugasemdum við hana. Byggðastofnun telur tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2003 – 2006 í meginatriðum uppfylla þessi markmið, og bendir sérstaklega á mikilvægi markmiða um greiðari samgöngur og markmið um öryggi í samgöngum.

Byggðastofnun vill þó benda á að í tillögunni er m.a. lagt til að skoðuð verði gjaldtaka af samgöngum með tilliti til jafnræðis samgöngugreina og notenda samgangna (bls. 1). Byggðastofnun leggur áherslu á að umrædd gjaldtaka vinni ekki gegn áðurnefndum byggðamarkmiðum, en stuðli að jafnræði óháðu búsetu. Þótt stefnt sé að markaðslausnum er ekki þar með sagt að beinar fjárhagslegar forsendur eigi þar að vera eini mælikvarðinn. Þar getur bæði þurft að taka til greina það sem á hagfræðimáli er nefnt almannahagsmunir (public interest) og ómælanlegir hagsmunir (intangibles), en báðir þessir þættir liggja til grundvallar áðurnefndum byggðamarkmiðum og byggja á góðu og notendavænu samgöngukerfi. Þessa þætti er erfitt að verðleggja eða reikna ávinning af þessum þeim í peningum, og það er einungis á færi hins opinbera að gæta þessara hagsmuna. Mikilvægt er því að huga að þeim við hagkvæmnimat framkvæmda og gjalddöku samgöngukerfisins.

Virðingarfyllst

Dr. Bjarki Jóhannesson  
forstöðumaður Próunarsviðs